

svo við, að alt sýndist verða lifandi. Bergmálið endurrómaði frá klettaskorunum, og ráðyrin þutu fram úr fylgsnum sínum. Einkennilegt bros lék á vörum veiðimannsins.

"Maðurinn er þó völdugur", sagði hann og hallaði sér aftur upp að trénu. "Náttúran seldur, fuglarnir hvíla á greinum trjánna, dýrin soka í fylgsnum sínum, — svo ber ég málmúlður að munni mér og blæs — og náttúran verður að svara frá klettinum, dalnum, skóginum og gilinu, fuglarnir hoppa kvalandi á trjánun og dýrin verða hrædd. — Maðurinn er í sannleika náttúrunnar herra".

"En er hann þá sinn eigin herra? Getur hann af sjálfsdáðum ákveðið sína eigin lífsstefnu, og tekið öflugan þátt í forlögum sínum? Er ekki til ósveigtanlegt afl, sem stjórnar honum með stálveldissprotu, og skipar honum annað veiðið að liða og hitt veiðið að njóta, — að þrá, að vona, að örvinast? Er nokkur sá maður til, sem hefir getað sagt: "Ég hef barist við forlög mín og yfirunnið þau".

"Undarlega mannlíf! Hefir nokkur fundið lykinn að þinni gátu? Gegn hinum veika sýnir þú veldi þitt, en þú lætur undan hinum sterkari. Hvað er frelsi? Ég hef ferðast um fylkin í Sviss frá vestri til austurs. Það er kallað frjálsasta land Norðurálfunnar, en hvað fann ég? Þjóð, sem berst við skort í fjalladölnum, sem er sundurdreifið af pólitiskum flokkum og trúarlegu rifrildi, og þar af leiðandi auðfengin bráð hverjum þeim sigurvegara, sem nota vill vanmátt hennar. Hjá einstaklingnum eru sömu ástriðurnar, án þess hann geti fullnægt þeim, sama þráin eftir sælu, án nokkurrar vonar um, að ná henni, sama blindan, sami þrældómurinn eins og í öllum öðrum löndum, sem ég hef komið í. Já, mennirnir eru líkir hver öðrum, hvort sem þeim er stjórnað af konungum eða þingum, hvort sem þeir